Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 13. apríl 2026 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2026

Farið var yfir drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu og þau rædd. Ákveðið var að halda áfram vinnu við ályktunina á næsta fundi.

2) Samstarfsþingið Íslenskukennsla á tímamótum

Málþingið verður haldið miðvikudaginn 6. maí í Eddu. Á málþinginu verða erindi frá Ármanni Jakobssyni, Auði Pálsdóttur, Elínu Þöll Þórðardóttur og Sigríði Ólafsdóttur. Fundarstjóri málþingsins verður Eva María Jónsdóttir.

Að loknum erindum verða pallborðsumræður undir stjórn Auðar Pálsdóttur. Í pallborðinu sitja Mjöll Matthíasdóttir, formaður Félags grunnskólakennara og þingmennirnir Jón Pétur Zimsen, Víðir Reynisson og Snorri Másson.

Stefnt er að útgáfu Málfregna með efni tengdu málþinginu fyrir viðburðinn.

3) Önnur mál

a. Ábending barst um að á vefsíðu Árnastofnunar væru úreltar upplýsingar um skipan Íslenskrar málnefndar. Það hefur verið lagfært.
b. Rætt var um möguleg verkefni Íslenskrar málnefndar í tengslum við dag íslenskrar tungu.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.45.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.